

Fundargerð 54. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2021, miðvikudaginn 14. apríl kl. 10:15 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Guðrún Sigurðardóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur og María Ingibjörg Kristjánsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Héraðsdómur vegna NPA-samnings hjá Mosfellsbæ - 2103052SA

Lagt fram minnisblað sambandsins vegna héraðsdóms í NPA-máli Mosfellsbæjar. Tryggvi Þórhallsson fór yfir efni minnisblaðsins og þau álitaefni sem uppi eru í málinu, en því hefur verið áfrýjað til Landsréttar. Í minnisblaðinu kemur fram sú niðurstaða að úrlausn héraðsdóms kalli ekki á gagngera endurskoðun á fyrirkomulagi NPA af hálfu sveitarfélaga. Forsendur í dómi héraðsdóms kalla hins vegar á samtal við stjórnvöld ríkisins um viðbrögð til framtíðar sem og farveg fyrir úrlausn álitamála.

2. Tillaga til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030. - 2103003SA

Kynning á umsögn sambandsins á þingsályktunartillögu um lýðheilsustefnu til ársins 2030. Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur sambandsins kynnti helstu efnisatriði í umsögn sambandsins, en þau fjölluðu fyrst og fremst um samráðsleysi við hagaðila þ.m.t. sveitarfélögin við gerð stefnunar.

3. Stefna um heilbrigðisþjónustu við aldraða til 2030. - 2009522SA

Heilbrigðisráðuneytið hefur falið Halldóri S. Guðmundssyni að gera drög að stefnu um heilbrigðisþjónustu við aldraða til 2030 og heldur þar með áfram þeim vinnubrögðum að vinna stefnur án samráðs við hagaðila. Þessi áhersla ráðuneytisins er ekki anda þess hvernig góð stefnumótun er unnin þ.e. með samtali og samráði þar sem þátttakendur eignast hlutdeild í stefnunni og skuldbinda sig betur til að fylgja henni eftir.

4. Fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. - 2009717SA

Kynning á nýjum reglum Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Þóra Kemp deildarstóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar kynnti reglurnar. Fram kom í kynningunni að við gerð reglnanna var haft viðtækt samráð var notendur og hagsmunasamtök sem tóku þátt í samráðsfundum og skiluðu inn umsögnum í

samráðsgátt Reykjavíkurborgar. Breytingar á reglunum eiga flestar rætur sínar að rekja til tillagna stýrihóps um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra. Stærsta breytingin felst í að heimildagreiðslur vegna barna verða nú þjónustugreiðslur, skv. því viðmiði njóta börn notenda fjárhagsaðstoðar tiltekinnar grunnþjónustu svo sem allt að átta tíma dvöl á leikskóla, dvöl á frístundaheimili fimm daga vikunnar og skólamáltíða.

Fundi var slitið kl. 11:30

Friðrik Már Sigurðsson

Guðrún Sigurðardóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir